

Orðstír að utan



Árni Björnsson
skrifar
tæpitungulaust

NÝLEGA VAR Í DV forsíðuviðtal með flannamynd af ungum íslenskum lækni sem hefur hlotnast sú einstaka vegtylla að verða prófessor í læknisfræði á Bretlandseyjum, nánar tiltekið í sjálfri Lundúnaborg. Andlitíð kom mér ekki kunnuglega fyrir sjónir, væntanlega hefur ungi prófessorinn ekki haft áhuga á lýta-lækningum á námsárum sínum og því farið framhjá mér, en upphefð hans gladdi mitt gamla hjarta.

Hinu geðjaðist mér miður að, að ungi lækurinn notaði viðtalið til að hnýta í læknaeild Háskóla Íslands og íslenska læknaestétt yfirleitt og leiddi það til orðaskipta í ásingastíl við forseta læknaeildar í sama fjölmiðli. Vafalaust fjölmiðlinum til framdráttar en hvorki unga læknum, læknaeild né íslenski læknaestétt til sóma. Íslenskir lækur eru yfirleitt heimsækir og taka að jafnaði heimferð fram yfir frama með öðrum þjóðum en heimþrá þeirra hefur leitt það af sér að læknisfræði á Íslandi getur talist í góðu meðallagi.

Hitt er svo annað mál að smæð þjóðarinnar veldur því að „toppstöður“ hljóta að vera færri en gerist með stærra þjóðum. Það leiðir aftur af sér að metnaðarfullir ungir menn fá ekki alltaf stöður sem þeir telja sér við hæfi. Þá eiga þeir tveggja kosta vöð. Að koma heim í von um að geta nýtt þekkinguna sem þeir hafa aflað sér á heimavelli eða brjótast til frama erlendis. Taki þeir hinn fyrri kostinn eiga þeir á hættu að ná ekki þeim toppi í fræðunum sem hugur þeirra stóð til. Hinn síðari kostur er að brjótast til frama með öðrum þjóðum. Slíkt er oft ekki heiglum hent því miklar fræðilegar kröfur eru gerðar um afköst og gæði í erlendum vísindasamfélögum.

Ég veit ekki hvort fleiri íslenskir fræðimenn hafa öðlast frama með erlendum þjóðum en svarar til fólksfjölda en í þeim hópi eru margir aðrir en lækur. Sumir ákváðu þegar á námsárunum að fræðasvigrúm þeirra hér á landi yrði of þröngt en aðrir fengu ekki störf sem þeim þótti við sitt hæfi. Allir eiga þessir menn það sameiginlegt að hafa hlotið grunnmenntun sína í íslenskum skólum en það segir okkur að íslenskir skólar, þar á meðal læknaestéttin, séu ekki alvondir þó ýmislegt megi finna þeim til foráttu.

Margir þessara „útlaga“ geta verið þakklátir fyrir að hafa ekki orðið rótfastir í litla þjóðfélaginu á Íslandi, því þeir hafa getað nýtt hæfileika sína á víðara vangi, ef ekki, þá vaknar spurning um hæfileikana. Í stað þess að vera þakklátir fyrir þá menntun sem hefur gert þeim kleift að nota hæfileika sína víðar en með jaðarþjóðinni við Dumbshaf, hefur heimsóttarþráhyggjan fyllt þá gremju úti Háskólann og jafnvel félagana sem starfa hér heima í fásinninu. Venjulega

lýsir þessi gremja sér í því að tala í niðrunartóni um stofnunina sem fóstaraði þá og félagana sem festust hér heima og hafa kannski ekki sýnt frama „útlaga“ viðunandi virðingu. Í þessa gryfju fellur prófessorinn okkar í Bretlandi og hann notar kaldar viðtökur íslensku læknaestéttarinnar við heimslausnara-komplex Kára Stefánssonar sem rök í máli sínu.

Það gleymist oft í moldviðrinu sem þyrtað hefur verið upp í kringum fyrirtækið Íslenska erfðagreiningu og svokallaðan gagnagrunn á heilbrigðisviði, að um miðja öldina færði íslenskur vísindamaður þjóð sinni heila rannsóknarstofnun í krafti fræðilegra yfirburða, sem hefði að margra mati nægt honum til Nóbelsverðlauna ef honum hefði enst aldur. Vera má að til hafi verið einstaklingar í stéttinni sem sáu ofsjónum yfir frama hans og skoðanir hans á þjóðmálum ekki alltaf fallið í kramið hjá valdsmönnum en hann gekk hreint til verks og ástundaði hvorki bak-tjaldamakk, róg né hroka og því naut hann virðingar stéttarbræðranna, virðingar sem náði langt útfyrir þann þrönga hóp.

Rannsóknarstarfsemi Íslenskrar erfðagreiningar á vonandi eftir að skila góðum læknafræðirannsókn-um í framtíðinni og vonandi veldur gagnagrunnurinn, ef hann verður að veruleika, þjóðinni ekki þeim skaða sem gerð hans getur falið í sér. Það er ekki öfund heldur aðdragandinn og aðferðirnar sem hafa snúið stórum hluta íslensku læknaestéttarinnar til andstöðu. Sem betur fer eru flestir heimavinnandi íslenskir lækur ekki enn tilbúnir til að fórna hagsmunum sjúklinga sinna fyrir erlend gróðafyrirtæki.

Getur verið að prófessorinn okkar í Bretlandi hafi ekki kynnt sér málin nægilega vel áður en hann felldi sleggjudómama í viðtalinu við blaðamanninn? Samt ætti hann, sem vísindamaður, að vita að sleggjudóm- ar eru völt undirstaða vísinda, þó þeir geti gagnast vel í fjölmiðla-, stjórnmála- og viðskiptaheiminum.

ÁRNI BJÖRNSSON